

# BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

## um frestun á fundum Alþingis.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 115. löggjafarþings, frá 20. maí 1992 og standi sú frestun til 17. ágúst 1992 nema kveðja þurfi Alþingi saman samkvæmt síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1992.*

**Davíð Oddsson.**

**Salome Þorkelsdóttir.**

**Guðrún Erlendsdóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

27. maí 1992

## LÖG

Nr. 29

### um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins 1. júní 1992 skal varið til greiðslu skulda þeirra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, sbr. þó 2. mgr.

Af innstæðum á einstökum reikningum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir skulu 30% renna til lífeyrissjóða sjómanna eins og nánar er kveðið á um í 5. gr. laga þessara. Á sama hátt skulu renna til lífeyrissjóða sjómanna 32,5% af þeim hluta innstæðna á reikningum í deild fyrir unnar botnfiskafurðir sem myndast hafa vegna útflutnings afurða vinnsluskipa.

#### 2. gr.

Óskiptum innstæðum á sérstökum reikningum Verðjöfnunarsjóðs vegna saltfiskafurða og vegna humars, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, skal skipt niður á framleiðendur í hlutfalli við þann þátt sem inngreiðslur vegna afurða einstakra framleiðenda áttu í myndun innstæðnanna. Áður en til skiptingar kemur samkvæmt þessari málsgrein skal 34 m.kr. af reikningi vegna humars og 16 m.kr. af reikningi vegna saltfiskafurða ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt ákvæðum 5. gr. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Innstæður, sem skipt hefur verið skv. 1. mgr., skulu ganga til greiðslu skulda framleiðanda eftir sömu reglum og innstæður þær sem rætt er um í 1. mgr. 1. gr.

Innstæður skv. 1. mgr., sem myndaðar hafa verið af félögum sem slitid hefur verið fyrir gildistöku laga þessara með öðrum hætti en sameiningu við önnur félög, skulu renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við hafi framleiðandi orðið gjaldþrota eftir að innstæða var mynduð eða ekki stundað framleiðslu sjávarafurða til útflutnings síðustu sex árin fyrir gildistöku laga þessara.